



279. Stjórnarfundur haldinn 4. janúar 2007 kl:18:00

Mættir: Einar, Kári, Þórður, Sigurvin, Birgir, Sveinn, Guðjón og Bjarney.

1. Fundargerð síðasta fundar.

Lesin og samþykkt.

2. Innkominn bréf.

Bréf frá: Vífilfelli v/ verðhækkana, Íslandspósti v/ pósthólfa, tölvupóstur frá Birgir Má Bragasynti v/ körfuknattleiksdeildar, landsfulltrúa UMFÍ Valdimari Gunnarssynti v/ ræðukeppni á landsmóti í Kópavogi 2007, afrit af tilkynning um íþróttaslysi frá yfirþjálfara knattspyrnudeildar Zorani Ljubicic og Skinfaxi.

3. Send bréf.

Bréf sent Friðgeiri M Baldurssynti útibústjóra Landsbanka Íslands í Reykjanesbæ v/ körfuknattleiksdeildar.

4. Stjórn körfuknattleiksdeilda Keflavíkur.

Einar bauð fundarmenn velkomna á stjórnarfund aðalstjórnar. Einar fór yfir tilgang þessa fundar sem er að aðalstjórn hefur sett sér það markmið að funda með öllum stjórnnum félagsins og eiga þeir fundir að koma í stað formannafundar. Einar gaf síðan stjórnarmönnum í körfunni orðið. Í ljós hefur komið að staða deildarinnar virðist vera önnur en gjaldkeri deildarinnar vill vera láta og hafa stjórnarmenn tekið til sinna ráða og fengið Særúnu G. til að kom inn í stjórnina og taka við gjaldkerahlutverkinu. Að þeirra sögn þá hefur bókhald ekki verið fært. Miklar umræður urðu um þessi mál og voru stjórnarmenn aðalstjórnar furðulostnir yfir þessum upplýsingum um stöðu mála í körfuknattleiksdeildinni og gátu engan veginn áttað sig hvernig svona lagað gæti átt sér stað. Stjórnarmenn deildarinnar eru ákveðnir í því að snúa við blaðinu. Ákveðið var að aðalstjórn myndi greiða þann kostnað sem hlytist af því að láta færa bókhaldið og jafnframt reyna að útvega mann til þess til að geta áttað sig á hver staðan væri. Framkvæmdastjóra félagsins falið málið.

5. Aðalfundir deilda 2007

Einar sagði frá því að búið væri að senda í tölvupósti til deilda tillögur að dagsetningum aðalfunda og deildir hefðu til 11. janúar að gera athugasemdir annars skoðast þessar dagsetningar vera tímasetning aðalfunda deilda. Aðalstjórn sér síðan um að auglýsa aðalfundina.

6. Önnur mál

Einar sagði frá því að hann hefði setið fund með Árna Sigfússynti bæjarstjóra, Stefáni Bjarkasynti, Ragnari Erni fulltrúum Reykjanesbæjar ásamt Rúnari Arnarsynti formanni knattspyrnudeildar Keflavíkur og þeim Kristjáni Pálssynti formanni UMFN, Þórði





Karlssyni formanni og Leif Gunnlaugsyni framkvæmdastjóra knattspyrnudeildar UMFN. Á fundinum kom fram að það er enn stefna bæjaryfirvalda að nýr leikvangur verði byggður fyrir aftan Reykjaneshöllina og er áætlað að taka hann í notkun árið 2011. Komið var inn á að skipta þyrfti um gras í Reykjaneshöllinni þar sem grasið væri orðið lélegt og við farnir að dragast aftur úr.

Næsti fundur er 18. jan. 2007

Fleira ekki gert og fundi slitið kl.20:10

